

Gjaldskrár fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2019

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Fasteignaskattur – A-flokkur	0,44%	af fasteignamati
Lóðarleiga – A-flokkur	1,80%	af lóðarmati
Vatnsgjald – A-flokkur	0,33%	af fasteignamati
Fráveitugjald – A-flokkur	0,16%	af fasteignamati
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúðir	36.500.-	á tunnu
Sorpeyðingar- og gámagjald á sumarhús	14.000.-	á tunnu

Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

Fasteignaskattur – B-flokkur	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur – C-flokkur	1,55%	af fasteignamati
Lóðarleiga – B- og C-flokkur	2,50%	af lóðarmati
Vatnsgjald – B- og C-flokkur	0,45%	af fasteignamati
Fráveitugjald – B- og C-flokkur	0,20%	af fasteignamati

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 100.000.-

100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 3.500.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 5.400.000 krónur

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 3.500.001 - 4.200.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 5.400.001 - 5.700.000 krónur

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.200.001 - 4.550.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 5.700.001 - 6.250.000 krónur

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.550.001 - 4.850.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 6.250.001 - 6.600.000 krónur

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2018 vegna skatttekna ársins 2017, þ.e. samtalán af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjalddagar fasteignagjalda eru 8: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – september)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2019.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.